Samband íslenskra sjóminjasafna
Fornbátaskrá - skýrsla nr. 9

# Bátaskrá Hákarlasafnsins í Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi



Ágúst Ólafur Georgsson

2019

## Efnisyfirlit

Síldin SH 650 .......... 1
Skekta .......... 5

## Inngangur

Ferðamenn tóku að venja komur sínar í Bjarnarhöfn um 1970-1980 aðallega vegna hákarlsverkunar og kirkjunnar þar á staðnum. Árið 2001 var opnað hákarlasafn en þar eru nú tveir bátar til sýnis. Það eru hákarlaskipið Síldin og gömul norsk skekta.

## Síldin SH 650




*Síldin á sýningu í Hákarlasafninu í Bjarnarhöfn 2018. Ljósm. Ágúst Ólafur Georgsson.*

**1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer**
Skipaskrárnúmer 5863; ekkert safnnúmer.
**2. Tegund**
Árabátur; sexæringur; opinn vélbátur.
**3. Hlutverk**
Fiskibátur; hákarlaveiðibátur; selveiðibátur; hlunnindabátur.
**4. Eigandi**
Erfingjar Hildibrands Bjarnasonar, Bjarnarhöfn, Snæfellsnesi.
**5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur**

Engin fyrri nöfn.
Fyrra umdæmisnúmer ST 64. SH 650 frá 1951 eða þar um bil.
Fyrsti eigandi sem kunngt er um var Jón Ebenezersson (1852-1930) í Bolungarvík.
Upplýsingar um næstu eigendur fram til 1936 liggja ekki fyrir að sinni.
Eigendur 1936-1977: Bjarni Jónsson og Kjartan Jónsson, Asparvík, Strandasýslu.
Eigandi 1977-1990: Bjarni Jónsson, Bjarnarhöfn.
Eigandi 1990-1992: Laufey Valgeirsdóttir, Bjarnarhöfn, ekkja Bjarna Jónssonar.
Eigendur 1992-2017: Hildibrandur Bjarnason og Brynjar Hildibrandsson, Bjarnarhöfn.
Eigendur frá 2017: Erfingjar Hildibrands Bjarnasonar.

**6. Varðveislustaður:** Hákarlasýning, Bjarnarhöfn.

**7. Smíðaár**

Síldin er ýmist sögð smíðuð 1860 eða um1880.

**8. Hönnuður / yfirsmiður**

**9. Skipasmíðastöð / smíðastaður**

Líklega Nes í Jökulfjörðum, Norður-Ísafjarðarsýslu.

**10. Brúttórúmlestir**

3,3 (2,38).

**11. Lengd, breidd og hæð/dýpt**

8,17x2,10x0,70 m.

**12. Smíðaefni og samsetning skrokks**

Eik og fura; súðbyrðingur. Litur - sjá myndir.

**13. Skrokklag**

Bolungarvíkurlag.

**14. Þilfar**

**15. Yfirbygging**

**16. Neðan þilja**

**17. Möstur, seglabúnaður og árar**

Síldin var með tvö möstur og bugspjót (útleggjara). Klýfir og loggortusegl voru á formastri og sprytsegl á afturmastri.

**18. Vél**

Árið 1930 var sett vél í bátinn, ókunn tegund. Seinna var sett í hann 18 ha. Sabb vél.

**19. Siglingatæki og annar búnaður**

**20. Notkunarsaga**

Síldin var notuð sem fiskibátur í Bolungarvík, Hnífsdsdal og Sandeyri á Snæfjallaströnd uns hún var seld að Asparvík en þar var hún jafnframt höfð til hákarlaveiða. Bjarni Jónsson tók bátinn með sér þegar hann flutti að Bjarnarhöfn 1951. Þar var báturinn notaður við sel- og hrognkelsaveiðar, eyjaferðir o.fl. Síldin hefur verið til sýnis mörg undanfarin ár á einkasafni ábúenda í Bjarnarhöfn.

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum**

Bolungarvík; Hnífsdsdalur; Sandeyri á Snæfjallaströnd; Asparvík í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu; Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi.

**22. Ástand báts**

Gott.

**23. Upprunaleiki – breytingasaga**

Síldin var hækkuð um eitt borð þegar vél var sett í hana árið 1930. Jafnframt var báturinn lengdur, óvíst hvenær, og mældist eftir það 3,3 brl. Hann var áður með lokuðu eða hálfopnu rými að framan og aftan.

**24. Viðhald og viðgerðir**

Kunnugt er um stóra viðgerð á bátnum þegar hann var lengdur. Ekki er vitað hvenær það var.

**25. Varðveislustaða**

Friðun vegan aldurs. Sýningargripur.

**26. Almenn umsögn**

Síldin er einn elsti súðbyrðingurinn sem varðveist hefur og er jafnframt annar af tveimur hákarlaveiðibátum sem til eru á Íslandi. Báturinn er friðaður á grundvelli aldurs og í mjög góðri umhirðu. Góðar heimildir eru til um sögu hans.

**27. Heimildir**

Jón Björnsson, *Íslensk skip. Bátar* 4. (Reykjavík: Iðunn 1999), bls. 23.

Kirkjugarðasamband Íslands, https://www.gardur.is/leit_einfalt_c.php.

Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir* II. (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1982), bls. 330-331. Smíðateikning af Síldinni er á bls. 332 og 332.

Samgöngustofa, https://www.samgongustofa.is/siglingar/skrar-og-utgafa/skipaskra/uppfletting?sq=5863.

Skessuhorn, fréttaveita Vesturlands, https://skessuhorn.is/2017/11/22/andlat-hildibrandur-bjarnason-bjarnarhofn/.

Solastic Tours, http://solstice.is/gallery/shark-boat/.

„Úr hefðbundnum búskap í að rækta vinskap við ferðamenn“, *Bændablaðið* 10. mars 2017, bls. 22-23. http://www.bbl.is/files/pdf/bbl-5.-tbl.-web_ii.pdf



*Síldin 1975. Við hlið bátsins er Bjarni Jónsson bóndi í Bjarnarhöfn. Ljósm. Þjóðminjasafn Íslands, Skg-2917.*

## Skekta



*Skektan á sýningu í Bjarnarhöfn 2018. Ljósm. Ágúst Ólafur Georgsson.*

**1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer**

**2. Tegund**

Árabátur; feræringur.

**3. Hlutverk**

Skipsbátur; ferja.

**4. Eigandi**

Erfingjar Hildibrands Bjarnasonar, Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi.

**5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur**

Báturinn hefur hvorki haft eigið nafn né umdæmisnúmer.

Fyrsti þekkti eigandi er útgerðaraðili færeyskrar skútu.

Eigandi um 1930/1940-1990: Bjarni Jónsson, bóndi í Asparvík í Strandarsýslu, seinna í Bjarnarhöfn.

Eigandi 1990-2017: Hildibrandur Bjarnason í Bjarnarhöfn.

Eigendur frá 1917: Erfingjar Hildibrands Bjarnasonar.

**6. Varðveislustaður**

Hákarlasýning, Bjarnarhöfn.

**7. Smíðaár**

Um 1922.

**8. Hönnuður / yfirsmiður**

**9. Skipasmíðastöð / smíðastaður**

Þrándheimur í Noregi.

**10. Brúttórúmlestir**

**11. Lengd, breidd og hæð/dýpt**

Lengd 5,5 m; breidd 1,7 m.

**12. Smíðaefni og samsetning skrokks**

Viður; súðbyrðingur; litur - sjá myndir.

**13. Skrokklag**

Norskt bátalag. Borðin eru mjög breið borð eins og tíðkast í norskum súðbyrðingum.

**14. Þilfar**

**15. Yfirbygging**

**16. Neðan þilja**

**17. Möstur, seglabúnaður og árar**

Hvorki mastur né segl fylgir bátnum en hins vegar sex árar. Ekki er ljóst hvort einhverjar þeirra tilheyra bátnum.

**18. Vél**

Vél hefur ekki verið í bátnum.

**19. Siglingatæki og annar búnaður**

**20. Notkunarsaga**

Útgerðarmaður færeyskrar skútu fékk bátinn frá Þrándheimi og var hann notaður sem skipsbátur uns Bjarni Jónsson keypti hann í eitthvert skipti þegar skútan var hér við land, sennilega um 1930-1940. Báturinn var aðallega notaður til að ferja fólk til og frá Síldinni sem oft lá við ankeri undan landi. Bjarni tók bátinn með sér þegar hann flutti að Bjarnarhöfn 1951. Hætt var að nota skektuna um 1965-1970.

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum**

Asparvík í Strandasýslu; Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi.

**22. Ástand báts**

Gott.

**23. Upprunaleiki – breytingasaga**

Báturinn virðist mikið til upprunalegur, með óbreyttu formi, tveimur mjög breiðum borðum en efsta borðið er mjórra.

**24. Viðhald og viðgerðir**

Upplýsingar um viðgerðir liggja ekki fyrir.

**25. Varðveislustaða**

Friðun vegan aldurs. Sýningargripur.

**26. Almenn umsögn**

Skektan er mikið til upprunalegur og vel með farinn árabátur sem smíðaður var í Noregi um 1922, einn af fáum sem keyptir voru af færeyskum skútum hér við land og fengu þá annað hlutverk. Báturinn er aldursfriðaður.

**27. Heimildir**

Brynjar Hildibrandsson, bóndi Bjarnarhöfn. Munlegar upplýsingar 7. júlí 2018.



*Skutur. Ljósm. Ágúst Ólafur Georgsson.*